

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Borgarbyggð.

I. KAFLI Hundahald.

1. gr.

Hundahald í þéttbýlisstöðum í Borgarbyggð sætir þeim takmörkunum sem settar eru í samþykkt þessari. Þéttbýlisstaðirnir sem hér um ræðir eru Borgarnes, Hvanneyri, Kleppjárnsreykir, Reykholt, Varmaland og Bifröst. Í dreifbýli gildir reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

2. gr.

Sveitarstjórn, eða umboðsaðila hennar, er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í sveitarfélaginu leyfi til hundahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklingsins og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni. Leyfi er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Um hundahald í fjöleignarhúsum fer skv. 13. tl. a-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þegar sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi þar sem inngangur, stigagangur eða annað húsrými er sameiginlegt, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda fylgja umsókn. Sama á við ef um er að ræða parhús eða raðhús.
- b) Leyfisgjald skal greiða árlega til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda. Sveitarstjórn er heimilt að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir nytjahunda, t.d. hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa og minkahunda. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjóndaprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald. Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu hunds til næstkomandi maímánaðar og síðan árlega 1. mars fyrir eitt ár í senn. Hafí gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- c) Hundurinn skal vera ormahreinsaður og skulu hundar færðir til hreinsunar ár hvert eftir nánar auglýstum tíma. Gjald vegna ormahreinsunar er innifalið í leyfisgjaldi vegna hundsins.
- d) Skylt er að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna hundsins. Ábyrgðartrygging skal ná til alls þess tjóns, sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Ábyrgðartrygging er innifalin í greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- e) Hundurinn skal vera örmerktur, skv. reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni nr. 1077/2004, og ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata, sem í er grafið skráningarnúmer hundsins.
- f) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan marka þéttbýlis nema nytjahunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utanhúss og í fylgd manneskju sem hefur fullt vald yfir þeim. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðalrym húsins. Hundeinganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
- g) Leyfishafa ber að sjá svo um að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.

- h) Athygli er vakin á að samkvæmt reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 má ekki hleypa hundum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 í þeirri reglugerð. Um hunda og matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Framangreindir staðir sem hundar mega ekki fara inn á eru m.a. eftirfarandi:
- Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
 - Almennings- og útisalerni.
 - Hvers konar sorpgeymslu- og sorpförgunarstaðir.
 - Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
 - Tjald- og hjólhýsasvæði, nema samkvæmt ákvörðun umsjónaraðila.
 - Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
 - Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
 - Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
 - Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
 - Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
 - Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
 - Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
 - Almenn samgöngutæki.
- i) Bannað er að fara með hunda á almennar útisamkomur.
- j) Ákvæði staflíða h og i hér að framan gilda ekki um nytjahunda að störfum.
- k) Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- l) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo hunda eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu. Hægt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilfellum, svo sem ef hundar eru ræktaðir í atvinnuskyni.

3. gr.

Umsóknum um leyfi til hundahalds skal skila til sveitarstjórnar eða umboðsaðila á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrirmælum samþykktar um hundahald. Sveitarstjórn, eða umboðsaðili hennar, veitir eða synjar umbeðins leyfis. Leyfishafi fær afhenta plötu samanber ákvæði e-liðar í 2. gr. Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi. Leyfishafi skal tilkynna ef hundurinn drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu.

4. gr.

Hunda, sem ganga lausir utan húss í þéttbýli skal handsama og færa í sérstaka geymslu á vegum sveitarfélagsins. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur og bíta skal fjarlægja og er lögreglu og eftirlitsmanni heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því að hundurinn er kominn í vörslu eftirlitsmanns enda verði áfallinn kostnaður greiddur samkvæmt gjaldskrá áður en það er gert. Að öðrum kosti ber að aflífa hundinn, enda hafi eiganda verið tilkynnt um töku hundsins, ef unnt er.

II. KAFLI Kattahald.

5. gr.

Kattahald í þéttbýlisstöðum í Borgarbyggð sætir þeim takmörkunum sem settar eru í samþykkt þessari. Þéttbýlisstaðirnir sem hér um ræðir eru Borgarnes, Hvanneyri, Kleppjárnsreykir, Reykholt, Varmaland og Bifröst.

6. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í sveitarfélaginu leyfi til kattahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklings og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni. Undanþágu má veita með eftirfarandi skilyrðum í þéttbýli:

- a) Um kattahald í fjöleignarhúsum fer skv. 13. tl. a-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þ.e. ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi þar sem innangangur, stigagangur eða annað húsrými er sameiginlegt, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda fylgja umsókn. Sama á við ef um er að ræða parhús eða raðhús.
- b) Leyfisgjald skal greiða árlega til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur samkvæmt ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu til næstkomandi maímánaðar og síðan árlega 1. maí fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- c) Kettir skulu vera hreinsaðir af ormum svo og öðrum sníkjudýrum sem máli skipta og skulu kettir færðir til hreinsunar ár hvert eftir nánar auglýstum tíma. Gjald vegna hreinsunar er innifalið í leyfisgjaldi vegna kattarins.
- d) Skyld er að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna katta. Ábyrgðartrygging skal ná til alls þess tjóns, sem kötturinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Ábyrgðartrygging er innifalin í greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- e) Kötturinn skal vera örmerktur, skv. reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni nr. 1077/2004 og ávallt bera ól um hálsinn. Á ölinni skal vera plata, sem í er grafið skráningarnúmer dýrsins.
- f) Leyfishafa ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- g) Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.
- h) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.
- i) Hægt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilfellum, svo sem ef kettir eru ræktaðir í atvinnuskyni.
- j) Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum takmarka útiveru katta m.a. að næturlagi.
- k) Ekki má hleypa köttum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Um ketti og matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.
- l) Ekki má heldur hleypa köttum inn í húsnæði vatnsveitna samanber reglugerðir um neysluvatn og ölkelduvatn.

7. gr.

Umsóknnum um leyfi til kattahalds ásamt ljósmynd af kettinum skal skila inn til sveitarstjórnar eða umboðsaðila hennar á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrirætlum samþykktar um kattahald. Sveitarstjóri, eða umboðsaðili sveitarstjórnar, veitir eða synjar umbeðins leyfis að fenginni umsögn eftirlitsmanns. Leyfishafi fær afhenta plötu, samanber ákvæði e-liðar 2. mgr. 6. gr. Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að láta fanga ómerka ketti að höfðu samráði við Heilbrigðis-
eftirlit Vesturlands. Meiriháttar föngun villikatta í þéttbýliskjörnum skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara með tilmælum um að heimilisköttum sé haldið innan dyra. Kettir sem fangaðir eru skulu færðir í kattageymslu. Ef kattareigandi vitjar ekki kattarins innan 7 sólarhringa, er heimilt að farga kettinum án frekari fyrirvara. Kattareigandi ber allan kostnað af handsömun, vörslu, fóðrun og aflifun, ef til þess kemur. Ef ekki er unnt að bera kennsl á kött með örmerki eða með merkingu á ól skal auglýsa eftir eiganda hans. Gefi sig ekki fram eigandi innan sjö sólarhringa frá birtingu auglýsingar er lögreglu eða dýraeftirlitsmanni heimilt að láta lóga viðkomandi ketti án frekari fyrirvara.

III. KAFLI

Eftirlit og fleira.

9. gr.

Sveitarstjórn tilnefnir eftirlitsaðila sem fyrir hennar hönd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar Vesturlands. Heimilt er að skipa fleiri en einn aðila til verksins og setur sveitarstjórn nánari starfsreglur. Eftirlitsaðili skal gera skriflega skýrslu um þau dýr sem hann þarf að hafa afskipti af. Á skrifstofu sveitarfélagsins skal færa upplýsingar um leyfð dýr í þar til gerða bók. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Eftirlitsmaður skal árlega senda heilbrigðisnefnd Vesturlands og umhverfisnefnd Borgarbyggðar skrá yfir leyfða hunda og ketti. Heilbrigðisnefnd Vesturlands hefur eftirlit með samþykkt þessari. Eftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar og hefur eftirlit með hunda- og kattahaldi í Borgarbyggð og getur leitað aðstoðar lögregluvalda þegar þess er þörf.

10. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal eigandi dýrsins sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiriháttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hunda- eða kattahald gilda getur sveitarstjórn afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda dýrið eftirlitsmanni. Einnig getur sveitarstjórn afturkallað öll leyfi til hunda- eða kattahalds telji hún þess brýna þörf. Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

11. gr.

Sinni leyfishafi samkvæmt samþykktum þessum ekki skriflegri áminningu eða brjóti endurtekið af sér er sveitarstjórn heimilt að beita hann dagsektum þar til úr er bætt eða öðrum þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað er til fellur vegna brota hans á samþykkt þessari. Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 577/1995 um hundahald í Borgarnesi. Einnig fellur úr gildi samþykkt nr. 460/2002 um hundahald í Borgarfjarðarsveit og samþykkt nr. 459/2002 um kattahald í Borgarfjarðarsveit.

Umhverfissráðuneytinu, 17. janúar 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.